

**Ed.**

**282. Frumvarp til laga**

[148. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja landspildu úr prestssetursjörðinni Bjarnanesi í Nesjahreppi.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Helgi F. Seljan.

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Nesjahreppi í Austur-Skaftafellssýslu landspildu, allt að 8 ha. að stærð, úr prestssetursjörðinni Bjarnanesi í Nesjahreppi.

Söluverðið fer eftir samkomulagi, ef það næst. Náist ekki samkomulag um söluverð, skal það ákveðið að mati dómkvaddra manna.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Í Nesjahreppi í Austur-Skaftafellssýslu er skammt á milli félagsheimilis og skóla.

Nokkrir menn, sem vilja stofna heimili í hreppnum, hafa farið þess á leit, að hreppsnefnd Nesjahrepps láti í té lóðir undir íbúðarhús í grennd við félagsheimilið.

Hreppsnefndin vill verða við þessum óskum, en hefur ekki umráð yfir landspildu til að ráðstafa í þessu skyni.

Spilda sú, sem valin hefur verið undir byggingarlóðir á þessum stað, er í landareign Austurhóls og norðan við þjóðveginn. Hún er óræktuð, en vel hæf til ræktunar. Austurhóll var hjáleiga frá Bjarnanesi, og sú jörð hefur mjög takmarkað landrými. Bóndinn á Austurhóli vill ekki láta af hendi spildu þá, sem hreppsnefndin sækist eftir, nema hann fái jafnstóra spildu á öðrum stað, þ. e. syðra megin við land Austurhóls, nálægt Hornafjarðarfljótum, en þá verður að skerða prestssetursjörðina Bjarnanes sem þessu nemur.

Verði frumvarp þetta samþykkt og landspilda þessi seld Nesjahreppi, byggst hreppsnefndin ráðstafa henni til bóndans á Austurhóli í skiptum fyrir land, sem hann lætur hreppnum í té og notað verður sem lóðir undir íbúðarhús.

Umsögn prestsins í Bjarnanesi er birt hér sem fylgiskjal.

**Fylgiskjal.**

Bjarnanesi, Nesjahreppi, 12. maí 1972.

Hreppsnefnd Nesjahrepps hefur farið þess á leit við mig, að ég yrði henni hliðhollur í þeirri málaleitan, að Stjórnarráð Íslands veitti leyfi sitt til þess, að seldir yrðu úr landi prestssetursins Bjarnanes 4. ha. lands til Guðmundar Guðbjartssonar bónda á Austur-Hóli í stað lands, er hann lætur hreppsnefndinni í té til stofnunar byggðahverfis.

Þar eð land til byggðahverfisstofnunar fæst ekki átakalaust nema með þessum kostum, en spildan, sem um er beðið er prestssetrinu nytjalítill, hlýtt ég að vera þessari beiðni meðmæltur.

Virðingarfyllst,

Skarphéðinn Pétursson.

Til Stjórnarráðs Íslands  
Kirkjumálaráðuneytið  
Arnarhvoli  
Reykjavík.